

STOFNSKRÁ

1. gr.

Félagið er einkahlutafélag og er nafn þess Lindarhvoll ehf. Heimili félagsins er að Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að annast umsýslu, fullnustu og sölu, eftir því sem við á, á eignum ríkissjóðs, mótteknum skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands og annar skyldur rekstur.

3. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 30.000.000 og skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Hlutir skulu hljóða á nafn.

4. gr.

Stofnandi skrifar sig fyrir hlutfé sem hér segir:

Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6459

kr. 30.000.000


Allt hlutfé er þegar greitt.

5. gr.


Kostnaður við stofnun félagsins, sem er áætlaður 350.000 kr., greiðist úr félagssjóði.

Reykjavík, 15. apríl 2016

Fyrir hönd stofnanda Ríkissjóðs Íslands



Þórhallur Arason



Hafsteinn S. Hafsteinnsson

STOFNFUNDARGERÐ

Stofnfundur einkahlutafélagsins Lindarhvoll ehf. var haldinn að Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík, þann 15. apríl 2016. Fundinn sóttu fyrir hönd stofnanda Ríkissjóðs Íslands:

Þórhallur Arason og
Hafsteinn S. Hafsteinsson.

Á fundinum var lagt fram frumvarp að stofnskrá fyrir einkahlutafélagið með drögum að samþykktum sem teljast hluti hennar. Stofnandi lýsti sig samþykkan frumvarpinu.

Þá fór fram kosning í trúnaðarstöður hjá félaginu:

Í stjórn félagsins náðu kjöri :

Þórhallur Arason,
Haukur C. Benediktsson og
Áslaug Árnadóttir

Varamenn í stjórn félagsins:

Esther Finnbogadóttir og
Sigurbjörn Einarsson

Sem endurskoðandi/skoðunarmaður var kjörinn :

Ríkisendurskoðun, kt. 540269-1819, Skúlagötu 57, 101 Reykjavík.


Prókúruhafi félagsins er:

Haukur C. Benediktsson


Nýkjörinni stjórn var falið að tilkynna félagið til hlutafélagaskrár.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir. Fundargerðin var lesin upp og hún staðfest en fundi síðan slitið.

Reykjavík, 15. apríl 2016



Þórhallur Arason



Hafsteinn S. Hafsteinsson

Samþykktir fyrir Lindarhvol ehf.

1.0. Nafn félagsins, heimili, varnarþing og tilgangur:

- 1.1. Félagið er einkahlutafélag og er nafn þess Lindarhvoll ehf.
- 1.2. Heimili þess er í Reykjavík.
- 1.3. Tilgangur félagsins er að annast umsýslu, fullnustu og sölu, eftir því sem við á, á eignum ríkissjóðs, móttæknum skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands og annar skyldur rekstur.

2.0. Hlutfé félagsins:

- 2.1. Hlutfé félagsins er krónur 30.000.000. Hlutir skiptast í margfeldi 1 krónu.
- 2.2. Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til hækkunarinnar sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í sínum eigin flokkum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár.
- 2.3. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá lögum samkvæmt og skal skrá í hana nafn eiganda hvers eintaks hlutar í félaginu ásamt dagsetningu eigendaskipta og skráningardag hverju sinni.
- 2.4. Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um eigendaskiptin skriflega.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hefur hluthafi forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur 2 - tveggja - mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu stjórnar um tilboð. Eigi mega líða fleiri en 3 - þrír - mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.

- 2.5. Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.
- 2.6. Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlut sinn í félaginu.

3.0. Hluthafafundir:

3.1. Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda séu hluthafar í félaginu fleiri en einn, en ella í höndum hluthafans sbr. lög um einkahlutafélög.

3.2. Aðalfund félagsins skal halda innan – 8 – átta mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert. Sé hluthafi í félaginu aðeins einn þarf ekki að halda aðalfund heldur skal hann þá taka viðeigandi ákvarðanir sbr. ákvæði einkahlutafélagalaga og skrá þær í gerðabók.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða að minnsta kosti yfir einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan vera skrifleg og fundarefni tilgreint. Fund skal þá boða innan 14 – fjórtán - daga frá því að krafa um fund er gerð. Ef stjórn félagsins skirrist við að boða fund þrátt fyrir móttöku slíkrar kröfu getur hluthafi leitað atbeina ráðherra, sbr. ákvæði laga um einkahlutafélög.

3.3. Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Heimilt er að boða hluthafafundi með tölvupósti en þá skal óskað eftir að viðtökustaðfesting sé send til baka til stjórnarinnar. Til aðalfundar skal boðað með minnst 14 – fjórtán - daga fyrirvara en aukafund með minnst 7 – sjö - daga fyrirvara.

Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu hið minnsta. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

3.4. 1 – Eitt - atkvæði er fyrir hverja 1 krónu- eina krónu – í hlutafjáreign. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a) að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsins þarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- b) að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
- c) að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti eða

Tillögur um breytingar á samþykktum félgsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

3.5. Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

- 1) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram til samþykktar.
- 3) Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
- 4) Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- 5) Kosning í stjórn félagsins, sem skal vera skrifleg sé þess óskað.
- 6) Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðendafélags fyrir félagið.
- 7) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

3.6. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

4.0. Félagsstjórn og framkvæmdastjórn:

4.1. Stjórn félagsins skal skipuð þremur stjórnarmönnum og tveimur til vara. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi til eins árs. Meirihluti stjórnar skuldbindur félagið. Stjórn félagsins stýrir málefnum félagsins milli hluthafafunda og skal hún gæta hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Það sem gerist á stjórnarfundum skulu stjórnarmenn skrá í gerðabók félagsins.

4.2. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meiri hluti stjórnarmanna mætir.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

4.3. Stjórn félagsins getur ráðið framkvæmdastjóra til félagsins og ákveður þá starfskjör hans og veitir prókúruumboð fyrir félagið. Stjórnarmaður félagsins getur einnig verið framkvæmdastjóri þess.

4.4. Félagsstjórn, eða framkvæmdastjóri verði hann ráðinn, hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.

5.0. Endurskoðun:

5.1. Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs fyrir félagið. Endurskoðandi skal rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

6.0. Ársreikningur:

6.1. Starfsár félagsins og reikningsár skal vera 1. janúar til og með 31. desember ár hvert.

6.2. Stjórn félagsins skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en 1 - einum - mánuði fyrir aðalfund.

7.0. Arðsúthlutun og varasjóðir:

- 7.1. Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslur í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun ágóðans. Óheimilt er að ákveða á hluthafafundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir.
- 7.2. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en 6 - sex - mánuðum frá samþykkt úthlutunar.

8.0. Breyting á samþykktum:

- 8.1. Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 - tveimur þriðju - hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 - tveimur þriðju - af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

9.0. Félagsslit og samruni:


Dissolution and Merger:


- 9.1. Með tillögur um slit og skipti á félaginu eða samruna við annað félag eða önnur félög skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 - tveimur þriðju - hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit eða samruna gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun á eignum þess og skuldum.

10.0. Önnur ákvæði:

- 10.1. Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins þann 15. apríl 2016


Þórhallur Arason


Haukur C. Benediktsson